

# Alþingi

Erindi nr. Þ 120/772

komudagur 212 1996



ÍSLANDBANKI

Efnahags- og viðskiptanefnd  
Alþingis  
Þórshamri v/Templarasund  
Reykjavík

Reykjavík, 31. janúar 1996

Efni: Frumvarp til laga um breytingu á lögum um viðskiptabanka og sparisjóði.

Íslandsbanki er aðili að umsögn Sambands íslenskra viðskiptabanka um þetta frumvarp og vísar til hennar. Að auki leyfir Íslandsbanki sér að gera athugasemd við 2. gr. frumvarpsins. Þar er gert ráð fyrir að ákvæði núgildandi laga um að ríkisviðskiptabankar skuli leita eftir samþykki Alþingis til að taka víkjandi lán til að efla eiginfjárstöðu sína verði fellt niður. Í greinargerð er sagt að þetta sé lagt til að tillögu Seðlabankans. Ríkisviðskiptabankar taki lán með margs konar hætti án sérstakrar heimildar Alþingis, svo sem með sölu verðbréfa og víxla, en slíkar lántökur feli í raun í sér ríkari skuldbindingar en víkjandi lán. Því þygi rétt að umrætt ákvæði verði fellt brott úr lögnum.

Íslandsbanki vekur athygli á því að víkjandi lán ríkisviðskiptabanka bera ótakmarkaða ábyrgð ríkisins eins og aðrar skuldbindingar bankanna sbr. 8 gr. núgildandi laga nr. 43/1993. Í því felst viss þversögn. Víkjandi lán hefur ígildi eiginfjár að ákveðnu marki og samkvæmt fyrirbyggjandi frumvarpi er verið að rýmka þau mörk. Eigið fé á að vera áhættufé. Beri slíkt fé ótakmarkaða ábyrgð ríkisins er vart hægt að tala um áhættufé, a.m.k. varla í huga þess sem leggur slíkt fé fram. Þess vegna er ekki óeðlilegt að Alþingi hafi á sínum tíma bætt því ákvæði inn í lögina að samþykkis Alþingis skuli aflað fyrir útgáfu slíkra skuldbindinga.

Einnig er ástæða til að vekja athygli á því að ríkisviðskiptabankar greiða ekki gjald fyrir ríkisábyrgð af víkjandi lánum. Þeir geta því aflað sér ígildi eiginfjár á markaði á betri kjörum en keppinautar þeirra vegna ríkisábyrgðarinnar án þess að greiða gjald fyrir. Í því felst óumdeilanlega ríkisaðstoð og óeðlileg mismunun á samkeppnisstöðu.

Loks er rétt að hafa í huga, að Eftirlitsstofnun EFTA hefur í bréfum til íslenskra stjórnvalda lýst þeirri skoðun sinni að ríkisábyrgð á skuldbindingum ríkisviðskiptabankanna feli í sér ríkisstyrk samkvæmt skilgreiningu 61. gr. EES-samningsins, sem er óheimill. Hefur Eftirlitsstofnunin beðið stjórnvöld um skýringar á því hvernig þau ætla að standa við þessa grein samningsins. Eftirlitsstofnuninni mun hafa verið svarað á þann veg að fyrir lok janúarmánaðar 1996 verði frumvarp um að breyta ríkisviðskiptabönkunum í hlutafélög lagt fram á Alþingi og að frumvörpin verði að lögum í maí eða júnímánuði n.k. með gildistöku í lok þessa árs. Á þann hátt hyggist íslensk stjórnvöld takmarka ríkisábyrgðina og fella hana að EES-samningnum.

Það skýtur því skökku við að núna skuli stjórnvöld telja ástæðu til að aflétta einu hömlunum sem ríkisábyrgðum á skuldbindingum ríkisbankanna eru settar. Slíkt getur tæplega talist trúverðugt og sú spurning hlýtur að vakna hvort stefnt sé að því að styrkja eiginfjárstöðu ríkisviðskiptabankanna með útgáfu víkjandi lána með ríkisábyrgð til langs tíma, rétt áður en bönkunum verði breytt í hlutafélög.

Með hliðsjón af framansögðu mælir Íslandsbanki eindregið gegn því að Alþingi samþykki umrædda breytingu.

Virðingarfyllst  
ÍSLANDBANKI HF.

